



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1528**  
**komudagur 12.2.2013**

Reykjavík, 12.02.2013  
Tilv. 90.13  
JS/mp

## Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða 570. mál, 141. löggjafarþing 2012-2013

Vísað er í erindi atvinnuveganefndar Alþingis dags. 1. febrúar 2013 varðandi umsögn um ofangreint frumvarp til laga.

Við lestur frumvarpsins kemur í ljós að í megin atriðum er gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun annist sömu verkefni við stjórn fiskveiða og innan núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Gerir Hafrannsóknastofnun því ekki sérstakar athugasemdir við þá þætti frumvarpsins, né megin hluta þess sem snýr að öðrum þáttum en fiskifræðilegri ráðgjöf og líffræðilegri sjálfbærni veiðanna. Hafrannsóknastofnun vill vekja athygli á eftirfarandi:

1. Varðandi 7. gr. frumvarps um ákvörðun heildarafla, leggur Hafrannsóknastofnun áherslu á þá afstöðu sína að grundvallaratriði í stjórn fiskveiða er að litið sé til alls afla, án tillits til á hvaða forsendum honum er úthlutað, þannig að niðurstaðan um heildarafla verði sem næst ráðgjöf stofnunarinnar. Í því sambandi leggur Hafrannsóknastofnun til að auk afla erlendra skipa, sem tiltekið er í 7. gr. að verði dreginn frá heildarafla fyrir úthlutun, dragist einnig frá afli sem tilgreindur er í 7. gr., tölul. 1.-3., auk afla samkvæmt 20.-25. gr. og 27. gr., 2. málsg. þessa frumvarps, en alla þessa þætti er unnt að áætla fyrirfram í þessu skyni.

2. Í 7. gr. er kveðið á um langtíma nýtingarstefnu við stjórn veiðanna, sem eru afar mikilvæg nýmæli og í samræmi við stefnur og strauma á alþjóða vettvangi. Þannig kveða siðareglur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá 1995 skýrt á um að móta skuli nýtingarstefnu, sem feli í sér töluleg markmið og varúðarmörk við nýtingu nytjastofna og aðgerðaráætlun ef farið er fram úr þessum mörkum. M.ö.o. er gert ráð fyrir að veiðum sé stýrt á grundvelli samþykktra nýtingaráætlana. Í því ljósi væri eðlilegt að kveða á um að ráðherra beri skylda til að hafa frumkvæði að mótun langtíma nýtingarstefnu fyrir alla helstu nytjastofna sjávar með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi, að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og aðra þá aðila sem við á. Einnig beri að stefna að því að koma á aflareglum eða nýtingaráætlun til a.m.k. 5 ára þar sem því verður við komið og það á við.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Jóhann Sigurjónsson